

24. júní 2019

## Skarðshlíð 3 áfangi – greiðsluskilmálar lóðar

Í almennum úthlutunarskilmálum um íbúðarhúsalóðir í Skarðshlíð frá 4. mars 2019 segir:

### **1.2 Greiðsluskilmálar og lóðarleigusamningur**

*Gjalddagi lóðarverðs er 4 vikum frá fundardagsetningu bæjarstjórnar og eindagi 6 vikum frá sömu dagssetningu. Lóðarleigusamningur og úthlutunarskilmálar munu liggja tilbúnir til undirritunar hjá fjárreiðudeild, Strandgötu 6, við greiðslu á lóðarverði.*

Heimilt er að veita er veðheimild fyrir 80% af verði lóðar með því skilyrði að greitt sé til Hafnarfjarðarbæjar.

### **Tímabundnir greiðsluskilmálar**

Þar sem lóðir í Skarðshlíð 3. áfanga verða ekki tilbúnar til afhendingar fyrr en 15. september 2019 hefur verið ákveðið að bjóða lóðarhöfum eftirfarandi greiðsluskilmála óski þeir þess:

- *Greitt er 60% af lóðarverði á gjalddaga þ.e. 6 vikum frá úthlutunardegi (fundardagsetning bæjarstjórnar)*
- *Eftirstöðvar (40%) skulu greiddar við afhendingu lóðar, þó í síðasta lagi 15. september 2019. Eftirstöðvar bera samningsvexti frá gjalddaga (6 vikum frá úthlutunardegi) og til greiðsludags. Vextir frá 1. júlí eru 5,6%*

Heimilt að veita veðheimild fyrir 60% af verði lóðar með því skilyrði að greitt sé til Hafnarfjarðarbæjar.